



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 43. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

## 7. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 4. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi lagði oddviti fram dagskrárbreytingatillögu þess efnis að við bætist liður 3, fundargerð Veitu- og framkvæmdanefndar frá 25.mars 2024. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 26. mars 2024.**  
Lögð fram fundargerð 13. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

2. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 5. fundar frá 19. mars 2024.**

Lögð fram fundargerð 5. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn mun boða samráðshópinn til fundar í haust í samræmi við umræður undir lið 7.*

3. **Veitu- og framkvæmdanefnd Hrunamannahrepps: Fundargerð 3. fundar frá 25. mars 2024.**

Lögð fram fundargerð 3. Fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Eftirfarandi liðir afgreiddir sérstaklega:

### **Liður 3: Fráveita í Akurgerði/Hótel Hill og færsla á hreinsistöð.**

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að farið verði í verðfyrirspurn á verkinu nú þegar.*

### **Liður 8: Göngubrú í Lækjargarðinn – tilboð frá Límtré lagt fram.**

Sveitarstjórn samþykkir að tilboðinu verði tekið og ráðist verði í verkið eins fljótt og auðið er.

### **Liður 9: Framhald gatnagerðar á Byggð á Bríkum.**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gengið verði til samninga við Gröfutækni ehf um frágang á mön út við Hvítárholtssveg og á opnum svæðum milli tjaldsvæðis og hins nýja hverfis. Einnig samþykkir sveitarstjórn samhljóða að samið verði við Gröfutækni ehf um yfirborðsfrágang á Loðmundartanga sem og yfirborðsfrágangi á Kerlingartanga niður fyrir beygju samkvæmt útboðsskilmálum

DGS

BB

ARJ

HA

BL

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps:**

**4. Fundargerð 277. fundar skipulagsnefndar frá 27. mars 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. mars sl.**

Lögð fram fundargerð 277. fundar skipulagsnefndar frá 27. mars sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 22. Holtabyggð 101-109: Frístundabyggð Syðra-Langholt IV; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Holtabyggðar í landi Syðra-Langholt IV. Í breytingunni felst að í stað nýtingarhlutfalls lóðar að 0,03 er skilgreint hámarksbyggingarmagn allt að 170 fm. Auk þess er gert ráð fyrir að hús megi vera á tveim hæðum eða á einni hæð með svefnlofti. Samkvæmt umsókn telst breytingin í takt við núverandi byggð svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.*

**Mál nr. 23. Ás: Ný íbúðarhúsalóð; Ás 2; Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags er varðar skilgreiningu á lóð og byggingarreit ásamt byggingarheimildum fyrir 15.457 fm íbúðarlóð úr jörðinni Ás í Hrunamannahreppi. Innan lóðar verði gert ráð fyrir uppbyggingu einbýlishúss ásamt bílskúrs auk gestahúss.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

**Mál nr. 24. Birtingaholt 4: Mykjuhola; Framkvæmdaleyfi.**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi á landi Birtingaholts 4 L166728. Í framkvæmdinni felst uppgröftur fyrir 3.330 m<sup>3</sup> mykjulóni rétt norðan aðalfjósbyggingar. Grafið er ca. 220cm niður í móann og hluti uppmokstrar nýttur sem mön, 80cm há kringum lónið og svo verður girt ca. 100-120cm há girðing, mann og skepnuheld þar í kring. Öðrum uppmokstri er jafnað í slakka við hliðina og svo er sáð grasi í vor í allt jarðrask. Meðfylgjandi er gps hönnun af holunni, ath. að hæðir yfir sjávarmáli eru ekki réttar. Einnig er teikning frá framleiðanda sem er notuð til hliðsjónar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem ekki er gert ráð fyrir viðkomandi framkvæmd á gildandi deiliskipulagi bæjarhlaðsins mælist nefndin til þess að framkvæmdin verði grenndarkynnt á svæðinu.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem ekki er gert ráð fyrir viðkomandi framkvæmd á gildandi deiliskipulagi bæjarhlaðsins mælist sveitarstjórn til þess að framkvæmdin verði grenndarkynnt á svæðinu.*

**Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. marsl sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. mars sl.

DAS

BR

ARJ

BA

DR

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**5. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 210. fundar stjórnar frá 22. mars sl. ásamt ársreikningi 2023.**

Lögð fram fundargerð 210. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga ásamt ársreikningi 2023.

*Fundargerðin og ársreikningurinn lögð fram til kynningar.*

**6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 234. fundar frá 21. mars sl. - Ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 2023.**

Lögð fram fundargerð 234. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

*Fundargerðin og ársreikningurinn lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**7. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 25. mars 2024.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 143. mál um málefni aldraðra (réttur til sambúðar).

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Erindi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu frá 20. mars 2024.**

Lagt fram erindi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu þar sem kallað er eftir sjónarmiðum vegna endurskoðunar laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 25. mars 2024.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Reiðhallarinnar Flúðum ehf. um leyfi til reksturs veitinga í flokk II – Tegund: - G Samkomusalir í Reiðhöllinni á Flúðum, Lambatanga 1. 845 Flúðum. Fasteignanúmer: 231-3980.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.*

**10. Bréf frá Háskólafélagi Suðurlands frá 22. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Háskólafélagi Suðurlands þar sem boðað er til aðalfundar Háskólafélags Suðurlands ehf. þann 23. apríl n.k.

*Sveitarstjórn felur oddvita að sækja aðalfundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.*

**11. Samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. – Fyrri umræða.**

Lögð fram til fyrri umræðu samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

*Sveitarstjórn vísar samþykktunum til síðari umræðu en felur jafnframt sveitarstjóra að leita álits sérfræðinga á núverandi fyrirkomulagi byggðasamlagsins og þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru að teknu tilliti til hagsmuna Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn leggur áherslu á að álitnið liggja fyrir áður en samþykktirnar verði lagðar fram til síðari umræðu.*

**12. Samningur við Land og skóga um afhendingu og upprif landgræðslugirðingar.**

Lagður fram samningur frá Landi og skógum um afhendingu og upprif landgræðslugirðingar á Hrunamannafrétti.

*Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu samningsins og vísar samningnum til umræðu í Afréttarmálanefnd, Umhverfisnefnd og Landgræðslufélagi Hrunamanna. Jafnframt er sveitarstjóra og oddvita falið að fylgja málinu eftir við bréfitara.*

DGS

SB

ART

BT

B

**13. Minnisblað sveitarstjóra varðandi stofnframlag frá 2. apríl 2024.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi stofnframlag Hrunamannahrepps til byggingar leiguíbúða á Flúðum sem byggðar yrðu á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.

*Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með áform Íbúðafélagsins Bjargs um byggingu 5 íbúða raðhúss við Loðmundartanga og úthlutar hér með félaginu viðkomandi lóð. Íbúðunum verður úthlutað af Bjargi íbúðafélagi til einstaklinga sem eru virkir á vinnumarkaði og félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB skv. reglum félagsins þar um. Sveitarstjórn samþykkir einnig samhljóða að greiða stofnframlag til verkefnisins sem numið gæti allt að 32 m.kr. miðað við að stofnvirði verkefnisins sé 263,5 m.kr. Stofnframlag sveitarfélagsins greiðist annars vegar með þeim gjöldum sem til falla vegna lóðarinnar og hins vegar með beinu fjárframlagi sem greitt yrði annars vegar við upphaf framkvæmda og hins vegar við lok þeirra.*

**14. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands frá 21. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands þar sem auglýstur er umsóknarfrestur í Styrktarsjóð EBÍ vegna sérstakra framfaraverkefna sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar en sveitarstjóra er falið að sækja um í sjóðinn vegna menningartengdra verkefna.*

**15. Bréf frá landeigendum og íbúum við Langholtsveg frá 30. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá landeigendum og íbúum við Langholtsveg vegna reiðvegar meðfram Langholtsvegi.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að við næstu endurskoðun aðalskipulags verði breytt lega reiðvegar á umræddu svæði skoðuð. Hvað aðra liði erindisins varðar þá er sveitarstjóra falið að ræða þá betur við reiðveganefnd og bréfitara.*

**16. Bréf frá Tunguseli ehf. frá 25. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Tunguseli ehf. þar sem óskað er eftir því að hefja viðræður við Hrunamannahrepp um uppbyggingu á útsýnisþöllum og aðstöðu við Hvítárgljúfur austan megin við Gullfoss.

*Sveitarstjórn er meðvituð um að umferð að Gullfossi að austanverðu hefur aukist mikið enda útsýni að fossinum, þeim megin frá, einstaklega fallett. Brýnt er að öryggi gesta á því svæði verði tryggt en blautir og hallandi grasbalar á gilbarminum bjóða hættunni heim. Einnig telur sveitarstjórn nauðsynlegt að umferð að fossinum verði betur stýrt en reyndin er í dag en engir stígar hafa verið lagðir á svæðinu sem þó er nauðsynlegt. Sveitarstjórn fagnar öllum áformum sem tryggt geta betur öryggi og aðgengi fólks að þeirri náttúruperlu sem Gullfoss er og tekur undir sjónarmið bréfitara um að ekki sé réttlætanlegt að gera „ekki neitt“ því réttur almennings til að ferðast um gróin lönd og hafa óheft aðgengi að ám og vötnum mun gera að verkum að umferð gesta um svæðið mun aðeins aukast um ókomin ár með tilheyrandi hættu fyrir þá sem um svæðið fara. Sveitarstjórn samþykkir því samhljóða að fela sveitarstjóra í samráði við skipulagsfulltrúa að ræða við bréfitara um nánari útfærslu á því verkefni sem hér um ræðir.*

**17. Bréf frá Birkibbyggð, félagasamtökum frá 14. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Birkibbyggð, félagasamtökum þar sem lóðareigendur á eignarlóðum í Birkibbyggð á Flúðum sækja um búseturétt og/eða lögbýlisrétt að lóðum sínum.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að ræða við bréfitara og gera í framhaldinu tillögu að afgreiðslu á erindinu.*

DGS  
SS  
ARS  
AA  
DV

**Mál til kynningar:**

**18. Ársskýrsla stjórnar Félags eldri Hrunamanna.**

Lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar stjórn og félagsmönnum fyrir gott og gefandi starf á árinu.

**19. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 946. fundar stjórnar frá 15.3.2024.**

Lagt fram til kynningar.

**20. Ársreikningur samtaka orkusveitarfélaga.**

Lagt fram til kynningar.

**21. Tilkygning frá verkefnastýru vefsins Lifandi hefðir frá 2. apríl 2024.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:58.

Alexandra Rós Jónnesdóttir

Arbald Hauksson

Bjarni Jónsson



Alfheiður fleira

Dæði Geir Samuelsson